

FUNDARBOÐ

1888. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, 6. apríl 2022 og hefst kl. 14:00

Dagskrá:

Almenn erindi

1. 2109411 - Völuskarð 32, breyting á deiliskipulagi

9.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 18.janúar sl. Á fundi skipulags- og byggingarráðs þann 19. október sl. var samþykkt að grenndarkynna erindi vegna breytinga á deiliskipulagi í samræmi við 2. gr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Breytingin felst í að Völuskarð 32 verði tvíbýli í stað einbýlishús. Stæðum á lóð er fjölgað um tvö og gert er ráð fyrir opnu bílskýli. Að öðru leiti gilda skilmálar deiliskipulagsins. Erindið var grenndarkynnt 7.12-2021-7.1.2022. Athugasemdir bárust. Umsögn skipulagsfulltrúa vegna framkominna athugasemda lögð fram. Skipulags- og byggingarráð tekur undir framkomnar athugasemdir og hafnar breytingu á deiliskipulagi Völuskarðs 32.?

2. 1110006 - Vesturbær, endurgert og nýtt deiliskipulag

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 25.mars sl. Skipulags- og byggingarráð samþykkti 6.10.2021 að auglýsa tillögu að deiliskipulagi vesturbæjar og vísaði til staðfestingar í bæjarstjórn. Bæjarstjórn staðfesti samþykkt skipulags- og byggingarráðs þann 13.10.2021. Tillagan var auglýst 19.10.2021-30.11.2021 og var athugasemdafrestur framlengdur til 9.12.2021. Athugasemdir bárust. Skipulags- og byggingarráð fól skipulagsfulltrúa á fundi sínum þann 14.12.2021 að taka saman umsögn vegna framkominna athugasemda. Uppfærð gögn ásamt umsögn skipulagsfulltrúa lögð fram.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða uppfærða tillögu að deiliskipulagi vesturbæjar ásamt greinargerð og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

3. 2008399 - Suðurgata 18, lóðarstækkun, breyting lóðar

5. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 25.mars sl. Á fundi skipulags- og byggingarráðs Hafnarfjarðar þann 21. september sl. var samþykkt að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Suðurgötu 18. Bæjarstjórn staðfesti samþykkt skipulags- og byggingarráðs á fundi sínum þann 29. september sl. Tillagan var auglýst frá 22.10 - 3.12.2021. Athugasemdir bárust. Lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa ásamt uppfærðum uppdrætti.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða uppfærða tillögu að deiliskipulagi Suðurgötu 18 og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

4. 2111398 - Skarðshlíð 1. áfangi, breytt deiliskipulag

6.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 25.mars sl. Bæjarstjórn samþykkti 12. janúar sl. að auglýsa tillögu að breyttu deiliskipulagi Skarðshlíðar dags. 5.01.2022 vegna endastöðvar strætó. Tillagan gerir ráð fyrir biðsýli og aðstöðu fyrir vagnstjóra á Ásvallabraut við Nóntorg. Athugasemdafrestur var frá 25.1-9.3.2022. Athugasemd barst. Lagður fram uppfærður uppdráttur sem tekur tillit til athugasemda Landsnets.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir framlagða uppfærða tillögu að deiliskipulagi og vísar til staðfestingar bæjarstjórnar.

5. 2201385 - Gráhelluhraun, nýtt deiliskipulag

10.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 25.mars sl. Lögð fram lýsing vegna deiliskipulags Gráhelluhrauns.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa lýsingu deiliskipulags Gráhelluhrauns og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

6. 2202583 - Reglur um leikskólavist

1. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 30.mars sl. Drög að reglum um leikskólavist lögð fram til samþykktar.

Fræðsluráð samþykkir drög að reglum um leikskólavist og vísar til bæjarstjórnar til staðfestingar.

7. 2001513 - Listdansskóli Hafnarfjarðar, þjónustusamningur

5.liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 30.mars sl. Lögð fram drög að þjónustusamningi.

Fræðsluráð samþykkir þjónustusamning milli Listdansskóla Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarbæjar og vísar til bæjarstjórnar til endanlegs samþykkis. Fræðsluráð fagnar því að í Hafnarfirði sé öflugt listdansfélag og lítur á samning þennan sem tímamótasamning

8. 2106263 - Hafnarfjarðarbær, heildstæð stefnumótun, heimsmarkmið

1. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.mars sl. Lagðar fram niðurstöður stýrihóps um framtíðarsýn, meginmarkmið og stefnumarkandi áherslur fyrir Hafnarfjörð ásamt innleiðingu heimsmarkmiða. Arnar Pálsson ráðgjafi og Sigurjón Ólafsson sviðsstjóri mæta til fundarins.

Bæjarráð vísar framlagðri framtíðarsýn, meginmarkmiðum og stefnumarkandi áherslum fyrir Hafnarfjörð til bæjarstjórnar.

9. 2203319 - Brynja hússjóður Öryrkjabandalagsins, beiðni um stofnframlög, 2022 og 2023

8.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31. mars sl. Til afgreiðslu.

Bæjarráð samþykkir að Hafnarfjarðarkaupstaður úthluti Brynju, Hússjóði ÖBÍ 12% stofnframlagi vegna kaupa á 10 íbúðum. Áætlað stofnvirði vegna kaupanna er samkvæmt umsókn 67.442.742 kr. Vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

10. 2203366 - Áshamar 50 (þróunarreit 6A), umsókn um lóð

9.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.mars sl.

Til afgreiðslu

Bæjarráð samþykkir fyrirbyggjandi skilmála fyrir Áshamar 50 (þróunarreit 6A). Bæjarráð leggur jafnframt til að þróunarreit 6A verði úthlutað til Þarfapings hf. og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

11. 2203747 - Straumhella 14 og 16, ósk um vilyrði

11. liður úr fundargerð bæjarráðs frá 31.mars sl.

Bílaumboðið Askja sækir um vilyrði fyrir lóðunum Straumhella 14 og 16.

Bæjarráð samþykkir ósk bílaumboðsins Öskju um lóðarvilyrði fyrir lóðunum Straumhella 14 og 16 og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

12. 2005507 - Hafnarfjarðarkaupstaður, reglur um fjárhagsaðstoð

3.liður úr fundargerð fjölskylduráðs frá 1.apríl sl.

Lögð fram drög að breytingum á fjárhagsaðstoðarreglum.

Fjölskylduráð samþykkir breytingar á reglum um fjárhagsaðstoð og vísar þeim í bæjarstjórn til staðfestingar.

Með breytingum á reglum er áætlaður kostnaðarauki 9.215.440 kr. á ári. Gera má ráð fyrir að kostnaðarauki á árinu 2022 verði 6.450.808 kr. Fjölskylduráð óskar eftir að gerður verði viðauki vegna þessa kostnaðarauka.

Fundargerðir

13. 2201211 - Fundargerðir 2022, til kynningar í bæjarstjórn

Fundargerð fræðsluráðs frá 30.mars sl.

a. Fundargerð íþróttá- og tómsundanefndar frá 22.mars sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 1.apríl

Fundargerð bæjarráðs frá 31.mars sl.

a. Fundargerð hafnarstjórnar frá 16.mars sl.

b. Fundargerð heilbrigðisnefndar Garðarbæjar, Hafnarfjarðar, Kópavogs, Mosfellsbæjar og Seltjarnarness frá 28. mars sl.

c. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 24.mars sl.

d. Fundargerð stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 25.mars sl.

e. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 11. febrúar sl.

f. Fundargerð eigendafundar Sorpu bs. frá 11.mars sl.

g. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 11.mars sl.

h. Fundargerð eigendafundar Strætó bs. frá 11. mars sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 25.mars sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 30.mars sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 11. febrúar sl.

b. Fundargerð stjórnar Strætó bs. frá 11.mars sl.

Fundargerð forsetanefndar frá 4. apríl sl.

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri